



Dufland ehf.
Lyngás 11
210 Garðabær

Garðabær, 6. apríl 2022

Efni: Umsögn frá Dufland um drög að frumvarpi til laga um nikótínvörur.

Dufland ehf. er heildsala sem hefur sérhæft sig í innflutningi og dreifingu á nikótínþúðum undanfarin þrjú ár. Dufland er með sérleyfisumboð á íslenskum markaði fyrir nokkur af helstu nikótínþúðavörumerkjum á Íslandi, þ.m.t. VELO (áður LYFT), LOOP, V&YOU, XQS og PAZ. Dufland ehf. styður og fagnar því að skýrar reglur verði settar um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á nikótínþúðum.

Á árunum 2010 til 2019 tvöfaldaðist sala neftóbaks og jókst mest milli ára 2017 til 2019 þar sem sala fór úr 37,6 tonnum (2017) í 46 tonn (2019)¹. Á sama tíma lýsti Krabbameinsfélagið yfir þungum áhyggjum af aukinni notkun neftóbaks (mars 2019)². Ekki af ástæðulausu, en skv. könnun Embættis landlæknis³ sem framkvæmd var árið 2015 notuðu 23% karla á aldrinum 18 – 24 ára neftóbak í vör daglega. Það má því segja að íslensk lýðheilsa hafi ekki verið á góðri vegferð fyrir markaðssetningu Duflands á nikótínþúðum.

Í kjölfar þess að Dufland ehf. hóf dreifingu á nikótínþúðum á íslenskum markaði um mitt ár 2019 hefur dregið verulega úr sölu á neftóbaki eða úr 46 tonnum (2019) í 16,5 tonn (2021). Þeim árangri, að snúa við aukningu notkun neftóbaks ber að fagna þar sem vel er þekkt að í tóbaksvörum er fjöldi krabbameinsvaldandi efna og hafa heilbrigðisyrivöld sett kraft í að draga úr notkun tóbaks á Íslandi.

Með réttu skal benda á að nikótín er ávanabindandi efni sem getur haft eitrandi áhrif í mjög miklu magni, sem rannsóknir sýni að séu jafnvel yfir 500 mg⁴. Nikótín er þó ekki krabbameinsvaldandi (skv. WHO stofnuninni International Agency for Research on Cancer⁵ og Cancer Research UK⁶). Koffínvörur eru líka ávanabindandi og geta verið skaðlegar í óhófi, en þær eru seldar og markaðssettar í mun frjálsslegra umhverfi en drög að frumvarpi nikótínvara gerir ráð fyrir. Að auki má benda á að fjölbreytileiki hvað varðar bragðtegundir koffínvara er án takmarkana.

¹ <https://arsskyrsla2019.atvr.is/sundurlidanir/>

² <https://www.krabb.is/starfsemi/frettir-og-tilkynningar/aukin-notkun-neftobaks-er-ahyggjuefni>

³ [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item29653/Throun_tobaksneyslu_a_Islandi-2016\(2\).pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item29653/Throun_tobaksneyslu_a_Islandi-2016(2).pdf)

⁴ Mayer B. (2014). How much nicotine kills a human? Tracing back the generally accepted lethal dose to dubious self-experiments in the nineteenth century. Archives of toxicology, 88(1), 5–7. <https://doi.org/10.1007/s00204-013-1127-0>

⁵ <https://cancer-code-europe.iarc.fr/index.php/en/ecac-12-ways/tobacco/199-nicotine-cause-cancer>


⁶ <https://www.cancerresearchuk.org/about-cancer/causes-of-cancer/smoking-and-cancer/is-vaping-harmful>



Dufland ehf.
Lyngás 11
210 Garðabær

Garðabær, 6. apríl 2022

Nýlegar aðskildar rannsóknir (okt. 2020)⁷ og (maí 2021)⁸ bera saman áhættu við notkun á mismunandi tóbaks- og nikótínvörum, þ.á.m. sígarettum, snusi, rafrettum og tóbakslausum nikótínþúðum. Þá líta rannsóknirnar til áhættu neytenda við notkun t.a.m. hvað varða hjarta- og æðasjúkdóma, öndunarferasjúkdóma, krabbameina og dánartíðni. Niðurstöðurnar (sjá mynd að neðan) gefa til kynna að mun minni áhætta felst í notkun tóbakslausra nikótínþúða (e. non-tobacco pouches) í samanburði við tóbaksvörur. Rannsóknirnar gefa einnig til kynna að nikótínþúðar séu litlu hættumeiri en nikótínvörur sem markaðsettar eru sem lyf (flokkað sem nicotine replacement therapy á myndinni hér að neðan).



Mynd 1: Samanburður á áhættu við notkun á mismunandi nikótínvörum. Nicotine products relative risk assessment: a systematic review and meta-analysis (Rachel Murkett, Megyn Rugh, Belinda Ding)

Dufland telur að meginástæðan fyrir því að nikótínþúðar hafi leitt til samdráttar í tóbaksnotkun sé sú að notandinn hefur fjölbreyttara val um styrkleika nikótíns og bragðtegundir. Rétt er að benda á að langflestir nikótínþúðar sem seldir eru á íslenskum markaði innihalda minna magn af nikótíni en íslenska neftóbakið sem hefur undanfarna áratugi verið í miklu magni notað undir vör. Það er því okkar mat að mikilvægt sé að gæta meðalhófs í takmörkunum varðandi bragðefni og markaðssetningu nikótínþúða og að meta kosti nikótínþúða út frá verulegum samdrætti í tóbaksnotkun.

Mikilvægt er að gæta sanngirni og hófsemi með lagasetningu, sem tryggir frjálst val neytenda og kemur í veg fyrir óþarfa inngrip löggjafarvalds. Takmarkanir á bragðtegundum nikótínþúða eru óþarfar og of langt gengið í lagasetningu. Dufland styður fyllilega bann við sölu nikótínþúða til yngri en 18 ára

⁷ Murkett R, Rugh M and Ding B. Nicotine products relative risk assessment: a systematic review and meta-analysis, 2020

⁸ Azzopardi D, Liu C, Murphy J. Chemical characterization of tobacco-free "modern" oral nicotine pouches and their position on the toxicant and risk continuums. Drug Chem Toxicol. 2021 May



Dufland ehf.
Lyngás 11
210 Garðabær

Garðabær, 6. apríl 2022

en styður alls ekki einhverskonar takmörkun á bragði neytendavöru sem ekki er talin valda langvarandi sjúkdómum eða stofna neytanda í heilsufarshættu. Að auki, mætti spyrja, hversu langt getur löggjafarvald leyft sér að ganga í frelsisskerðingu neytenda. Ef sú ákvörðun verður tekin um að banna bragðefni nikótínþúða á þá næst að banna bragðtegundir áfengra drykkja? Sem valda umtalsverðum meiri samfélagslegum skaða. Á að banna bragðtegundir koffíndrykkja? Jafnvel bann á bragðtegundum matvæla sem innihalda mikið magn af sykri?

Lagasetningin ætti að miðast við markmið laganna sem er að tryggja gæði og öryggi vara á markaði t.a.m. með íslenskum aðvörunarmerkingum og að tryggja með tiltækum ráðstöfunum að börn geti ekki keypt nikótínvörur.

Með tilvísun í drög að löggjöf vill Dufland ehf. koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

Í **8. gr.** laga um hámarksstyrkleika og stærð. Dufland leggur til að lög skilgreini hámarksstyrkleika en leggi það ekki undir ráðherra að skilgreina í reglugerð. Mikilvægt er að jafn stórar ákvarðanir, sem geti haft mikil markaðsáhrif sé tryggilega skilgreint í lögum, en ekki reglugerð.

Dufland hefur gert markaðsgreiningu á 100 vinsælustu nikótínþúðavörum á Íslandi, sem samanstanda af yfir 98% markaðshlutdeild. Tölulegar upplýsingar í næstu málsgreinum eru upplýsingar frá þeirri greiningu.

Nikótínþúðavörur sem innihalda 0 til 15 mg af nikótíni í hverri einingu (þúða) nema 97,5% af markaðshlutfalli á Íslandi og nikótínþúðavörur sem innihalda 15 til 20 mg af nikótíni í hverri einingu (þúða) nema 2%.

Að auki, er hægt að skilgreina vörur eftir nikótínmagni á hvert gramm (mg/g), en þá þarf að líta til þess að töluverður munur er á þyngd neyslueininga milli tegunda. Þyngd nikótínþúða er almennt milli 0,4 g til 1,0 g og tölverð sókn er á „mini þúðum“ sem vega milli 0,4 til 0,5 g. Nikótínþúðar sem innihalda 0 til 15 mg/g af nikótíni nema 37% af markaði og nikótínþúðavörur sem innihalda 15 til 20 mg/g nema 60% af markaði.

Til samanburðar inniheldur Íslenskt neftóbak um 25 til 28 mg/g af nikótíni og algengt er að notandi noti um 0,6 g – 1,2 g hverju sinni, eða því sem nemur 15 - 30 mg af nikótíni í hverri neyslueiningu.

Dufland telur að skilgreina ætti hámarksstyrkleika eftir mg/neyslueiningu (þúða) og að leyfilegur hámarksstyrkleiki skuli vera 20 mg/neyslueiningu. Með því að skilgreina hámarksstyrkleika fyrir hverja neyslueiningu eru lög ekki að koma í veg fyrir vöruþróun í samræmi við markaðseftirspurn t.d. að minni þúðum.

Bent er á að erfitt getur reynst að bera saman nikótínmagn í mismunandi nikótínvöruflokkum, þá sérstaklega milli rafretta og nikótínþúða. Bæði er munur milli upptöku nikótíns í gegnum lungu og



Dufland ehf.
Lyngás 11
210 Garðabær

Garðabær, 6. apríl 2022

slímhúð í munni og einnig er mikill munur á neyslumynstri neytenda. Neytandi notar rafrettur ekki í neyslueiningum heldur „puffum“. Þá getur verið mikill *mun milli neytenda og fjölda „puffa“ sem þeir neyta hverju sinni.*

Í **9. gr.** laga segir að *óheimilt sé að flytja inn, framleiða og selja nikótínvörur og rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda bragðefni sem kunna að höfða til barna, svo sem nammi- og ávaxtabragð. Ráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu þessa ákvæðis.*

Dufland mótmælir þessu harðlega og telur að hér sé verið að fara yfir skynsamleg mörk. Skynsamlegt þykir að banna vörur fyrir þá sem eru yngri en 18 ára en þvert á móti óskynsamlegt að skerða frelsi fullorðinna einstaklinga að ákvarðanatöku varðandi bragðefni sem það kýs að neyta. Til stendur einnig að verslanir þurfi sérstakt leyfi til þess að selja nikótínvörur, Dufland er hlynnt því og telur að það sporni við notkun nikótínvara hjá fólki undir 18 ára aldri.

Í greinargerð kemur fram að *„Rannsóknir sýna að bragðefni, sérstaklega nammi- og ávaxtabragð, spili stóran þátt í því hversu vinsælar rafrettur eru meðal barna og ungmenna og rök falla til þess að teija að hið sama eigi við um vinsældir nikótínþúða hjá ungmennum“.* Hér er við engin rök að styðjast. Mikill munur er á vinsældum bragðtegunda nikótínþúða og rafretta. Vinsælustu bragðtegundir rafretta (óháð aldri neytenda) eru ávaxtabrögð s.s. jarðaberja-, banana- og berjabragð. Vinsælustu bragðtegundir nikótínþúða er mynta, með yfir 50% markaðshlutdeild og sterkur pipar (jalapeno og habanero) með um 20% markaðshlutdeild. Með réttu mætti ætla að sterkur pipar flokkist sem ávaxtategund en að mati Duflands er um að ræða bragðtegund sem höfðar ekki sérstaklega til barna. Ekki er því hægt að áætla að sömu gildi eigi við um rafrettur og nikótínþúða.

Í **11. gr.** laga er kveðið á um auglýsingar og sýnileikabann á sölustöðum.

Dufland ehf. telur mikilvægt að gæta meðalhófs hvað varðar takmarkanir á markaðssetningu á nikótínþúðum. Markaðssetning nikótínþúða hefur dregið verulega úr notkun tóbaks undanfarin ár sem við teljum vera jákvæða þróun þar sem skaðsemi tóbaks liggur vel fyrir.

Einnig bendum við á að í því alþjóðaumhverfi sem við búum við í dag, þar sem auðvelt er að panta vörur á netinu og fá heimsendar upp að dyrum frá erlendum aðilum, að lög um sýnileika, auglýsingar og markaðssetningu á vefmiðlum verði ekki of íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki. Heldur að hugað verði að samkeppnishæfni þeirra gagnvart erlendum dreifingar- og söluaðilum. Fjöldi dæma eru um að erlendir söluaðilar hafi beint auglýsingum sínum til íslenskra notenda.

Virðingarfyllst,
f.h. Dufland ehf.

Bjarni Freyr Guðmundsson